

Hefur umhverfisvitund aukist? Viðhorf Íslendinga til umhverfismála og stóriðju 1987-2017

Sóllilja Bjarnadóttir, MA félagsfræði, doktorsnemi í félagsfræði, Háskóla Íslands

Inga Rún Sæmundsdóttir, MSc félagssálfræði, verkefnisstjóri Félagsvísindastofnunar, Háskóla Íslands

Sigrún Ólafsdóttir, PHD félagsfræði, prófessor, Háskóla Íslands

Þorvarður Árnason, PHD þverfaglegum umhverfisfræðum, forstöðumaður Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Hornafirði

Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, PHD félagssálfræði, forstöðumaður Félagsvísindastofnunar, Háskóla Íslands

Útdráttur

Vægi umhverfismála í íslenskri þjóðmálaumræðu hefur aukist á undanförunum áratugum. Fram til þessa hefur ekki verið unnt að kanna með empirískum hætti hvort þessi aukna umræða endurspegli þróun í átt til breyttra viðhorfa á meðal íslensks almennings. Gögn Íslensku kosningarannsóknarinnar (ÍSKOS) sýna skýrar langtíma breytingar í viðhorfum til umhverfismála á síðastliðnum þrjátíu árum (1987-2017). Hér er fjallað um niðurstöður tveggja spurninga úr þeirri könnun sem varða annars vegar viðhorf til þess að aðgerðir í umhverfismálum ættu að hafa forgang fram yfir aðgerðir til að auka hagvöxt og hins vegar viðhorf til þess hvort ríkisstjórnin ætti að leggja mikla eða litla áherslu á orkufreka stóriðju. Í báðum tilvikum sjást hliðstæðar breytingar yfir tíma; hlutfall þeirra sem vilja leggja áherslu á umhverfismál eykst ár frá ári (með einni undantekningu strax eftir Hrunið) samhliða því að hlutfall þeirra sem vilja að ríkisstjórnin leggi mikla áherslu á stóriðju lækkar. Niðurstöður síðustu mælinga (2017) voru þær að 65%



Icelandic Review of Politics and Administration Vol. 17, Issue 1 (49–78)

© 2021 Contact: Sóllilja Bjarnadóttir, sob35@hi.is

Article first published online June 22nd 2021 on <http://www.stjornmalogstjornsysla.is>

Publisher: Institute of Public Administration and Politics, Gimli, Sæmundargötu 10, 102 Reykjavík, Iceland

Stjórn mála & stjórnsýsla 1. töl. 17. árg. 2021 (49-78) Fræðigreinar

© 2021 Tengiliður: Sóllilja Bjarnadóttir, sob35@hi.is

Vefbirting 22. júní 2021 - Birtist á vefnum <http://www.stjornmalogstjornsysla.is>

Útgefandi: Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála, Gimli, Sæmundargötu 10, 102 Reykjavík

DOI: <https://doi.org/10.13177/irpa.a.2021.17.1.3>

This work is licensed under a Creative Commons Attribution 3.0 License.

svarenda vildu leggja áherslu á umhverfismál fram yfir hagvöxt og 80% vildu að ríkisstjórnin legði litla áherslu á orkufreka stóriðju. Þeir sem styðja vinstri flokka voru líklegri til að leggja áherslu á umhverfismál á meðan stuðningsfólk hægri flokka var líklegri til að leggja áherslu á stóriðju.

Efnisorð: Umhverfismál; stóriðja; Íslenska kosningarannsóknin (ÍSKOS).

Has environmental awareness increased? Attitudes of the Icelandic public towards environmental issues and heavy industry 1987-2017

Abstract

The significance of environmental issues in the Icelandic public debate has increased in recent decades. Until now, it has not been possible to empirically examine whether this increased debate reflects a development towards a change in attitudes among the Icelandic public. The data from the Icelandic National Election Study (ICENES) shows an apparent long-term change in attitudes towards environmental issues over the past thirty years (1987-2017). Here, we analyze the results of two questions from ICENES. Firstly, we investigate attitudes concerning whether environmental issues should take precedence over efforts to increase economic growth, and, secondly, views on whether the government should place great or little emphasis on heavy industry. Similar changes are seen over time; the proportion of those who want to prioritize environmental issues increases year by year (with one exception immediately after the economic crisis), and the proportion of those who want the government to emphasize heavy industry decreases. The last survey (2017) found that 65% of respondents prioritized environmental issues above economic growth, and 80% wanted the government to place little emphasis on heavy industry. People who identified with a left political party were more likely to emphasize environmental issues whereas those who identified with a right political party were more likely to emphasize heavy industry.

Keywords: Environmental affairs; heavy industry; The Icelandic National Election study (ICENES).

Inngangur

Mannkynið stendur frammi fyrir fjölda umhverfisvandamála á heims- og/eða landsvísu, þau stærstu líta að hnattrænum loftslagsbreytingum (IPCC 2013), eyðingu líffræðilegrar fjölbreytni (Walpole o.fl. 2010), mengandi, ósjálfbærum framleiðsluháttum og ofneyslu á náttúruauðlindum (Sustainable Europe Research Institute 2009). Hættur geta stafað af slíkum breytingum og því er mikilvægt að fræðafólk reyni að skilja mögulegar lausnir (Dunlap 2015). Slíkar rannsóknir eru ekki einungis mikilvægar í fræðilegu tilliti heldur hafa einnig gagnýtt gildi við mótun árangursríkrar opinberrar stefnu í umhverfismálum (OECD 2001).

Kannanir á viðhorfum almennings til umhverfismála eiga sér talsvert langa sögu í Evrópu og Norður-Ameríku (Dunlap 2017). Í gegnum tíðina hefur félagsvísindafólk þróað trausta, almenna mælikvarða á viðhorf til umhverfismála, meðal annars til þess að fylgjast með breytingum yfir tíma og til að bera saman viðhorf fólks í ólíkum löndum (Telesiene & Gross 2017). Hugtakið umhverfishygd (e. environmental concern) vísar til þess: „í hvaða mæli fólk er sér meðvitað um vandamál sem varða umhverfið og styður aðgerðir til að leysa þau og/eða sýnir fram á vilja sinn til að leggja sjálf eitthvað af mörkum þeim til lausnar“ (Þorvarður Árnason 2004, 6). Umhverfisverndarhyggja (e. environmentalism) byrjaði að skjóta rötum á Íslandi á sjöunda og áttunda áratug síðustu aldar, líkt og víðast hvar í nágrannalöndum okkar (Þorvarður Árnason 2004; Helgi Hallgrímsson 2010). Um svipað leyti hófust deilur um fyrirhugaðar virkjanaframkvæmdir við Laxá í Aðaldal og í Þjorsárverum (Unnur Birna Karlsdóttir 2010). Segja má að þetta tvennt – aukin vitund almennings um umhverfismál og deilur innan samfélagsins um einstakar virkjanaframkvæmdir – marki upphaf nútíma umhverfisverndar á Íslandi.

Fræðafólk hefur bent á að eftir því sem samfélög þróast breytast viðhorf og væntingar almennings. Þar hefur verið skoðað hvernig gildi þróast yfir í að verða póstmóðernísk þegar þróunarstig samfélaga verður hærra, en þá er aukin áhersla á lífsgæði fram yfir það að lifa af. Með því eykst einnig áhersla á mannréttindi, kynjajöfnuð og umhverfismál (Inglehart 1990). Inglehart (1995) vekur athygli á því að togstreita eða deilur geti skapast innan samfélags þegar það þarf að fórnar umhverfinu fyrir hagvexti eða öfugt. Í einhverjum tilvikum er hægt að vernda umhverfið án þess að það komi niður á hagvexti en þá er auðveldara fyrir stjórnvöld að setja skýra stefnu. Vandinn skapast þegar stjórnvöldum er ýtt út í það að velja á milli. Þessar erfiðu ákvarðanir leiða „til þess að umhverfisvernd verður að pólitísku viðfangsefni“ (Inglehart 1995, 59).

Töluverður fjöldi rannsókna hefur leitast við að kanna hvort ný umhverfisgildi hafi komið fram á sjónarsviðið á undanförunum áratugum. Þar hefur einkum verið skoðað hvort visthverf (e. ecocentric) gildi hafi fengið aukið vægi í vestrænum samfélögum, þá á kostnað mannhverfra (e. anthropocentric) gilda (Þorvarður Árnason 2005). Fyrstu rannsóknir af þessum toga byggðu á notkun New Environmental Paradigm (NEP) kvarðans (Dunlap & Van Liere 1978), en honum var ætlað að kanna hvort greina mætti grundvallarbreytingu á viðhorfum til náttúrunnar á meðal almennings og er sá mælikvarði á umhverfishygd sem mest hefur verið notaður á alþjóðavísu (Dunlap 2008). Um miðjan níunda áratuginn hófust síðan rannsóknir á mögulegum breytingum á gildismati almennings, annars vegar með hliðsjón af gildakvarða Schwartz (Stern & Dietz 1994; Schultz 2001) og hins vegar með notkun ýmissa kvarða sem lutu að greiningu nýrra umhverfisgilda (Grenstad & Wollebæk 1998; Minteer & Manning 1999). Lýðfræðilegir og/eða pólitískir þættir geta einnig skipt máli; rannsóknir erlendis hafa þannig t.d. sýnt að einstaklingar sem skilgreina sig til vinstri á hinum pólitíska skala hafa að jafnaði jákvæðari viðhorf til umhverfisins samanborið við þá sem hallast meira til hægri (Fairbrother 2017; Neymayer 2003; Torgler & García-Valiñas 2007).

Það að einstaklingur sé umhverfisverndarsinni getur haft margvíslega merkingu (Þorvarður Árnason 2004, 2005). Þar getur bæði verið um almenna umhverfisverndarhygd

að ræða en einnig andstöðu við einstakar framkvæmdir. Framkvæmdir vegna stóriðju, sem er umfangsmikil iðnaðarframleiðsla sem helst yfirleitt í hendur við mikla orkunotkun, hafa nær undantekningarlaust leitt til átaka í íslenskri þjóðmálaumræðu. Málmbærðslur eins og álver eru dæmi um stóriðju af þessum toga. Vatnsaflsvirkjanir hafa verið umdeildar á Íslandi allt frá því að fyrstu hugmyndir um slíkar virkjanir komu fram undir lok 19. aldar (Unnur Birna Karlsdóttir 2010). Um 1970 urðu ákveðin þáttaskil í umræðunni með stofnun fyrstu náttúruverndarsamtaka hérlendis (Helgi Hallgrímsson 2010) og síðan þá hefur andstaða við virkjanaframkvæmdir, einkum á óbyggðum við-ernum innan miðhálandisins, verið þungamiðjan í starfi slíkra samtaka. Stórvirkjanir eins og Kárahnjúkavirkjun spiluðu þar stórt hlutverk og umhverfismálin sem höfðu fram að því verið á jafri íslenskrar stjórnmálaumræðu urðu á skömmum tíma mun meira áberandi (Ólafur Þ. Hardarson & Gunnar Helgi Kristinsson 2003). Áhugavert er að sjá hvort einhver tenging gæti verið á milli umhverfismála og framkvæmda til að auka hagvöxt en fræðafólk hefur sýnt að þessi tvö málefni virðast oft mynda andstæða póla í umræðu almennings (Ólafur Þ. Hardarson & Gunnar Helgi Kristinsson 2003; Jón Ólafsson 2006).

Í þessari grein skoðum við sérstaklega breytingar á viðhorfum Íslendinga til umhverfismála yfir þrjátíu ára tímabil og setjum viðhorfin í pólitískt samhengi. Út frá þessu spyrjum við tveggja rannsóknarspurninga: 1) Hvernig hafa viðhorf á Íslandi breyst og tengjast þau staðbundnum málefnum á Íslandi? og 2) Hvernig tengjast viðhorf til umhverfismála kosningahegðun einstaklinga? Þessum spurningum svörum við með því að skoða breytingar á viðhorfum yfir tíma og með tvíkosta aðhvarfsgreiningu um hvernig þessi málefni hafa þróast með gögnum frá Íslensku kosningarannsókninni (ÍSKOS).

1. Fræðilegt yfirlit

1.1 Hvernig urðu umhverfismál pólitískt ágreiningsmál á Íslandi?

Færð hafa verið rök fyrir því að samfélagslegar umræður séu aldrei staðbundnar, heldur taki mið af hvað er að gerast í öðrum löndum. Þannig urðu kjarnorkuslysið í Chernobyl 1986 og oliulekinn vegna strands Exxon Valdes við Alaska 1989 til þess að auka vitund almennings um umhverfismál víða um heim (Auður Ingólfssdóttir 2008). Þrátt fyrir að umhverfismál séu alþjóðlegt málefni, þá skipta staðbundnar aðstæður engu að síður máli. Því er mikilvægt að gefa yfirlit yfir þróun í íslensku samfélagi síðan umhverfismál komu fram sem pólitískt ágreiningsmál, þar sem staðbundnar umræður eru líklegar til að hafa áhrif á viðhorf almennings til umhverfismála. Þar má nefna að örar framfarir í smíði togara urðu til þess að fjöldi frystitogara við landið nær tvöfaldaðist á árabílinu 1985-1990 og fiskvinnsla í landi minnkaði samhliða (Nordic Council of Ministers 2018). Fiskveiðistjórnunarkerfið, eða kvótakerfið, sem tekið var upp með reglugerð árið 1984 var fest í sessi með lögum nr. 38/1990 en þá var fiskveiðikvótinn tengdur aflareynslu báta og verslun með aflakvóta á milli útgerða var heimiluð (Skúli Magnússon 1997; Lög nr. 38/1990). Samlegðaráhrif þessa ollu því að smábátaútgerð í sjávarbyggðum landsins átti undir högg að sækja. Þessi þróun leiddi til aukins atvinnuleysis á landsbyggðinni og sá fólksflótti sem fylgdi í kjölfarið kallaði á atvinnuskapandi lausnir. Árið 1989 voru uppi áform um nýtt álver á Íslandi og var Reyðarfjörður á meðal þeirra staða sem komu til

álita. Margir Reyðfirðingar og aðrir Austfirðingar beittu sér fyrir byggingu álvers þar og voru helstu rökín efnahagslegur ávinningur og jákvæð áhrif á byggða- og atvinnuþróun (Ísak Ólafsson 1990; Morgunblaðið 1999). Alcoa Fjarðaál hóf rekstur á Reyðarfirði árið 2007 (Iceland e.d.).

Orðið „stóriðjustefna“ heyrir iðulega í opinberri umræðu á Íslandi í þeirri merkingu að um sé að ræða meðvitaða, langtíma stefnu stjórnvalda um uppbyggingu orkufreks iðnaðar. Unnur Birna Karlsdóttir (2010, 205-206) lýsir hér stöðu mála á þeim tíma þegar stóriðjustefnan hérlendis lét einna mest að sér kveða:

Virkjanir voru á síðari hluta níunda áratugarins orðnar markmið í sjálfu sér, sem atvinnugrein og auðlindanýting, eins og birtist í stefnu stjórnvalda að láta virkja eingöngu til raforkuframleiðslu fyrir álver eða aðra orkufreka atvinnustarfsemi. Yfirvöld orkumála leituðust því við að stuðla að byggingu stórra virkjana og með því skapa eftirspurn eftir raforku hér á landi. Það var gert með því að markaðssetja Ísland erlendis sem land nægrar og ódýrrar vatnsorku í þeim tilgangi að laða hingað erlenda stóriðju til að kaupa orku í miklum mæli. Fall jökul-anna varð markaðsvara á alþjóðlegum orkumarkaði.

Unnið var að virkjanaf framkvæmdum við Kárahnjúka samhliða byggingu álversins í Reyðarfirði. Þær framkvæmdir hófust undir árslok 2002 og var virkjunin gangsett 2007. Þessar tvær tengdu framkvæmdir kölluðu til samans á stærstu einstöku fjárfestingu Íslandssögunnar (Ásgeir Jónsson o.fl. 2018). Í kjölfar þessa sérlega djúpsteða ágreinings meðal landsmanna um byggingu Kárahnjúkavirkjunar virðast hafa orðið ákveðin þáttaskil í umhverfisvernd hér á landi (Karl Benediktsson 2008). Ólafur Þ. Harðarson og Gunnar Helgi Kristinsson (2003, 976) lýsa þessum þáttaskilum með eftirfarandi hætti:

Um þetta mál urðu mikil átök í íslenskum stjórnmálum, til marks um nýtt klofningsmál – umhverfismál – sem var einungis minniháttar málefni fimm árum fyrir í íslenskum stjórnmálum. Fluttar voru nær 400 ræður um efnið (tekur ekki til nefndafunda) á Alþingi, þar sem 63 alþingismenn sitja, sem gefur til kynna hversu alvarlega málefnið var tekið.¹ Fleira fræðafólk hefur tekið í sama streng, þar á meðal Jón Ólafsson (2006) sem taldi Kárahnjúkadeiluna hafa markað grundvallarbreytingu og að andstaðan við þær framkvæmdir hafi hreinlega búið til umhverfisvernd á Íslandi.

Bygging álvera og annarra stóriðjumannvirkja hefur verið umdeild bæði vegna ýmissa umhverfissjónarmiða en ekki síður vegna eignarhalds erlendra á slíkum verksmiðjum. Röksemdir þeirra sem hafa verið hliðhollir slíkum framkvæmdum hafa á hinn bóginn gjarnan hverfst um tekjur af orkusölu og aukinn útflutning, auk atvinnusköpunar og eflingu byggða. Í skýrslu iðnaðarráðuneytisins frá árinu 2009 um áhrif stóriðjuframkvæmda á íslenskt efnahagslíf eru breytingar á meðaltalsvægi útflutningsvara á árabílinu 1969-2008 dregnar fram. Þar má meðal annars sjá ört vaxandi vægi áls (9,7-27,8%) og minnkandi vægi sjávarafurða (48,5-26,2%) á tímabilinu (iðnaðarráðuneytið 2009, 14). Ferðaþjónustan var lengi eftirbátur meginútflutningsstöðanna tveggja, sjávarafurða og

áls, en árið 2012 höfðu heildarútflutningstekjur ferðaþjónustunnar farið fram úr álútflutningi og árið 2013 voru tekjur af ferðaþjónustu meiri en tekjur af sjávarafurðum (Hagfræðideild Landsbankans 2013). Undanfarinn áratug hafa pólitískar áherslur á hagrænt mikilvægi talsvert færst frá álframleiðslu yfir á ferðaþjónustu á Íslandi. Samhliða því hafa friðlýst svæði fengið aukid vægi sem ein af meginstöðum íslenskrar ferðaþjónustu og þar með mikilvæg uppspretta tekna fyrir þjóðarbúið (Siltanen 2018; Auður H. Ingólfssdóttir o.fl. 2019). Þá hafa hugmyndir um hagvöxt og forsendur hans breyst talsvert, með meiri áherslu á „grænan vöxt“ (OECD 2011) og „hringrásarhagkerfið“ (Umhverfisstofnun e.d.; Stjórnarráð Íslands 2021).

Frekari stjórnsýsluleg áhrif má sjá í áherslubreytingum í starfsemi ráðuneyta á því tímabili sem greinin fjallar um. Árið 1990 var umhverfisráðuneytið stofnað og árið 2012 var því breytt í umhverfis- og auðlindaráðuneytið en þá fluttust rannsóknir á auðlindum og ráðgjöf um nýtingu þeirra til ráðuneytisins sem var í því sambandi falið að setja viðmið um sjálfbæra nýtingu allra auðlinda (Iceland e.d). Að lokum er líklegt að Hrunið hafi dregið úr vægi umhverfismála í huga almennings, að minnsta kosti þegar umhverfisvernd er stillt upp sem andstæðu hagvaxtar. Í skrifum sínum um póstmateríalísma setur Inglehart (1983, 2008) fram þá tilgátu að efnahagslegur samdráttur geti haft skaðleg áhrif á póstmateríalísk gildi, þar með talda umhverfishygð, þar sem kreppeústand geti tímabundið leitt til aukinnar áherslu á efnishyggi. Þetta staðfestir Kenny (2020) í rannsókn sinni á forgangsröðun almennings í um 20 löndum á umhverfi fram yfir hagvöxt og atvinnusköpun fyrir og eftir hrun. Hins vegar sýna Guerra, Schmidt og Valente (2017) fram á að umhverfisvernd og hagvöxtur eru síður talin mynda andstæðupar í þeim Evrópulöndum þar sem velmegun er mest. Í því óvenju mikla atvinnuleysi og efnahagsþrengingum sem fylgdu í kjölfar bankahrunsins má ætla að almenningur teldi ástæðu til að stjórnvöld legðu áherslu á aðgerðir til að styrkja efnahag landsins. Út frá þessari þróun setjum við fram tvær tilgátur.

Tilgáta 1. Viðhorf almennings breytist í kjölfar Hrunsins þannig að blutfall þeirra sem vill leggja áherslu á hagvöxt umfram umhverfismál eykst.

Tilgáta 2. Breytingar verða á viðhorfi fólks til orkufrékrar stóriðju yfir tíma (frá 1987-2017) þannig að blutfall þeirra sem vill leggja áherslu á orkufréka stóriðju minnkar.

1.2 Umhverfismál sem átök í stjórnmálum

Það hefur verið umdeilt innan fræðasamfélagsins hvernig eigi að varpa ljósi á breytingar á viðhorfi einstaklinga til umhverfisins. Rannsóknirnar hafa að mestu leyti byggt á þremur kenningarlegum römmum, kenningu Inglehart (1995) um breytingu á póstmóðernískum gildum innan samfélaga, hugmyndum Dunlap og Mertig (1997) um hvernig þeir telja umhverfisvitund vera orðið hnattrænt fyrirbæri og hugmyndir Diekmann og Franzen (1999) um velgengniskenninguna. Inglehart (1995) hefur fært rök fyrir því að smátt og smátt hafi orðið ákveðin breyting í gildum og markmiðum einstaklinga, þar sem gæði lífsins vege þyngra en hagvöxtur og neysla. Hann nefnir að ein ástæða fyrir þessari breyt-

ingu á gildum er aukin umhverfisvitund. Hann benti enn fremur á að vandi skapast hjá stjórnvöldum þegar þeim er ýtt í það að velja á milli umhverfisverndar og hagvaxtar (Inglehart 1995, 59). Hér verður að hafa hugfast að umhverfismálin sem slík eru í stöðugri þróun og erlendar rannsóknir hafa sýnt að áhyggjur af umhverfinu jukust eftir 1990 (Wray-Lake o.fl. 2010). Skýrt dæmi um það er vægi loftslagsmála (hamfararhlýnunar) og plastmengunar í samtímaumræðu, en þessi umhverfisvandamál voru mun minna í sviðsljósinu um aldamótin síðustu en þau eru nú. Ýmsar vísbendingar eru til staðar um að ákveðin grundvallarbreyting hafi átt sér stað í viðhorfum íslensks almennings til stórra virkjana og/eða stóriðju í kringum aldamótin síðustu (Ólafur Þ. Hardarson & Gunnar Helgi Kristinsson 2003), sem líklega tengist hugmyndum Inglehart um togstreitu á milli umhverfisverndar og hagvaxtar. Ekki er þó ljóst hvort sú breyting laut að umhverfisygð almennt eða aðeins að byggingu Kárahnjúkavirkjunar og álversins í Reyðarfirði. Með því að rannsaka hvernig viðhorf hafa breyst yfir tíma er hægt að fá betri innsýn í það hvaða einstakar framkvæmdir eða deilumál höfðu áhrif á þróun umhverfismála hér á landi. Byggjum við það upp á hugmyndum Inglehart um hvernig einstaka mál verða deilumál innan samfélaga þegar stjórnvöld þurfa að velja á milli umhverfisverndar og hagvaxtar. Dunlap og Mertig (1997) hafa fært mótrök við þessari kenningu og telja að umhverfisvitund sér orðið hnattrænt fyrirbæri þar sem fólk alls staðar hefur meiri áhyggjur af umhverfinu, óháð félagslegri stöðu. Þriðja skýringin á hvernig umhverfisviðhorf hafa breyst yfir tíma er velgengniskenningin (Diekmann & Franzen 1999), en kenningin leggur áherslu á það hvernig áhyggjur einstaklinga af umhverfinu verða meiri þegar velmegun eykst.

Það eru því ýmsar rannsóknir sem hafa skoðað umhverfisviðhorf einstaklinga en eitt stöðugasta sambandið yfir tíma hefur verið á milli stjórnámálaskoðana og umhverfisverndar. Rannsóknir erlendis sýna að þeir sem eru til vinstri í stjórnámálum eru líklegri en þeir sem eru til hægri til að samþykkja að borga hærri skatta í þágu umhverfisverndar (Fairbrother 2017), hafa meiri vilja til að koma í veg fyrir skemmdir á umhverfinu (Torgler & García-Valiñas 2007), hafa meiri áhyggjur af umhverfinu (Xiao & McCright 2015) og eru meðvitaðri um umhverfismál (Neymayer 2003). Það virðist því vera að þeir sem eru vinstri sinnaðir séu líklegri en þeir sem eru hægri sinnaðir til að vilja vernda umhverfið. Fairbrother (2017) bendir einnig á að traust innan samfélaga, og þá sérstaklega vantraust til ríkisstjórnarinnar, geti haft áhrif á viðhorf til reglugerða þegar kemur að umhverfinu. Einstaklingar eiga oft erfitt með að trúa því að ríkisstjórnin muni standa við það sem hún segir og dregur það úr jákvæðu viðhorfi gagnvart auknum aðgerðum stjórnvalda til verndar umhverfinu. Hér skoðum við sérstaklega hvort það hafi áhrif á viðhorf einstaklinga hvaða flokk þeir kusu í síðustu kosningum. Líklegt má telja að þeir flokkar sem eru til vinstri leggi meiri áherslu á umhverfismál, en þeir til hægri leggi frekar áherslu á orkufreka stóriðju. Í nýlegri íslenskri rannsókn kom fram sama samband hér og erlendis þar sem þeir sem staðsetja sig til vinstri eru líklegri til að vilja fórna eigin tekjum til að vernda umhverfið samanborið við þá sem staðsetja sig til hægri (Sóllilja Bjarnadóttir 2020). Í ljósi þessa setjum við fram tvær tilgátur:

Tilgáta 3. Kjósendur flokka sem eru lengra til vinstri eru líklegri til þess að velja umhverfi fram yfir hagvöxt miðað við þá sem eru staðsettir hægra megin sem eru líklegri til að velja hagvöxt fram yfir umhverfi.

Tilgáta 4. Kjósendur flokka sem eru staðsettir til vinstri eru líklegri til þess að vilja ekki leggja aukna áherslu á orkufréka stóriðju miðað við þá sem eru staðsettir hægra megin sem eru líklegri til að vilja leggja aukna áherslu á orkufréka stóriðju.

1.3 Áhrif annarra þátta á umhverfisiðhorf

Áhersla okkar er á breytingar á viðhorfum yfir tíma og hvernig stjórnmál og hugsanlega átök í stjórnmálum hafa haft áhrif á viðhorf almennings. Engu að síður er mikilvægt að stjórna fyrir ákveðnum grunnbreytum sem fyrri rannsóknir hafa tengt við umhverfisiðhorf og munum við í stuttu máli gera grein fyrir niðurstöðum þeirra. Konur virðast hafa jákvæðari viðhorf til umhverfismála, vera líklegri til að leggja sitt af mörkum til umhverfisverndar (Torgler o.fl. 2008) og hafa meiri áhyggjur af ástandi umhverfismála, (McCright & Dunlap 2011, 2013; McCright & Xiao 2014; Xiao & McCright 2015). Fyrri rannsóknir erlendis hafa sýnt að yngra fólk (Carlsson & Johansson-Stenman 2000; Gelissen 2007) og þeir sem eru með hærri menntunarstig séu líklegri til að hafa jákvæð viðhorf til umhverfisverndar (Gelissen 2007; Torgler & García-Valiñas 2007). Samband búsetu og umhverfiskygðar er ekki jafn skýrt. Þó eldri rannsóknir hafi sýnt að þeir sem bjuggu í þéttbýli höfðu meiri áhyggjur af umhverfinu en þeir sem bjuggu í dreifbýli (Howell & Laska 1992; Tremblay & Dunlap 1978) hafa nýrri rannsóknir ekki fundið slíkt samband (Kennedy o.fl. 2009; Xiao & McCright 2007). Erlendar rannsóknir hafa einnig sýnt að fólk í hærri launaflokkum sé líklegra til að vilja borga hluta af launum sínum til umhverfisverndar en þeir sem minni tekjur hafa (Fairbrother 2013), hins vegar var sambandið mjög veikt og ekki marktækt fyrir allar víddir hugtaksins sem var notað.

Í þessari rannsókn beinum við sjónum að því hvort og þá hvernig viðhorf almennings til umhverfismála og stóriðju hafa breyst samhliða pólitískum og efnahagslegum áherslubreytingum á síðustu áratugum. Einnig munum við kanna hvort munur er á viðhorfum til umhverfismála og stóriðju út frá því hvaða flokk einstaklingar kusu í síðustu kosningum.

2. Aðferð

2.1 Þátttakendur

Þátttakendur í Íslensku kosningarannsókninni eru valdir með einföldu tilviljunarúrtaki úr þjóðskrá (Hardarson 1995), venjulega á milli 2-3000 manns í hvert sinn en árið 2017 var úrtakið 4000 manns. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands annaðist gagnaöflun öll árin að undanskildum árunum 2007 og 2009. Árið 2007 sá Miðlun um gagnaöflun og árið 2009 sá Rannsóknarmiðstöðin á Bifröst um öflun gagna.

Tafla 1. Fjöldi í úrtaki, svarhlutfall og gagnaöflunartími árin 1987–2017

Ár	Fjöldi í úrtaki	Svarhlutfall	Dagsetning kosninga	Gagnaöflunartímabil
1987	2.482	75%	25. apríl	1. maí - 30. maí
1991	2.000	75%	20. apríl	3. maí - 31. maí
1995	2.400	71%	8. apríl	19. apríl - 2. maí
1999	2.300	71%	8. maí	8. maí - 30. júní
2003	2.300	63%	10. maí	13. maí - 25. júní
2007	2.600	61%	12. maí	2. júní - 22. ágúst
2009	2.600	53%	25. apríl	7. maí - 31. ágúst
2013	2.600	57%	27. apríl	4. maí - 10. september
2016	2.600	51%	29. október	30. október - 25. janúar
2017	4.000	53%	27. október	30. október - 2. febrúar
Samtals	23.882	63%		

Tafla 1 sýnir að svarhlutfall hefur farið lækkandi og var komið niður í 51% árið 2016 og því var brugðið á það ráð að stækka úrtakið árið 2017 til að tryggja nægan fjölda svarenda fyrir flóknari tölfræðigreiningar.

Tafla 2. Skipting svarenda eftir árum út frá bakgrunni, stuðningi við stjórnmálaflokk og viðhorfa til umhverfismála fram yfir hagvöxt og stóriðju

		Kosningarár										Heild
		1987	1991	1995	1999	2003	2007	2009	2013	2016	2017	
		%/m(sf)	%/m(sf)	%/m(sf)	%/m(sf)	%/m(sf)	%/m(sf)	%/m(sf)	%/m(sf)	%/m(sf)	%/m(sf)	
Meðalaldur í árum		43(16)	42(16)	43(16)	43(16)	43(16)	45(17)	45(16)	46(17)	49(18)	48(18)	45(17)
Kyn												
	Karl	53%	48%	51%	51%	50%	50%	52%	51%	49%	50%	50%
	Kona	47%	52%	49%	49%	50%	50%	48%	49%	51%	50%	50%
Búseta												
	Höfuðborg	53%	56%	55%	56%	58%	60%	59%	62%	63%	62%	59%
	Landsbyggð	47%	44%	45%	44%	42%	40%	41%	38%	37%	38%	41%
Menntun												
	Grunnskólapróf eða minna	53%	59%	54%	53%	44%	37%	31%	34%	27%	26%	42%
	Framhaldsskólapróf	39%	30%	35%	31%	35%	34%	40%	27%	35%	32%	34%
	Háskólapróf	8%	11%	11%	16%	21%	29%	29%	38%	38%	42%	24%
Stuðningur við stjórnmálaflokk												
	VG	11%	10%	10%	8%	8%	13%	19%	11%	17%	18%	12%
	Samfylkingin	13%	12%	9%	20%	28%	23%	27%	13%	6%	13%	16%
	Framsóknarflokkurinn	14%	14%	22%	17%	17%	9%	14%	19%	9%	10%	15%
	Sjálfstæðisflokkurinn	25%	31%	29%	37%	28%	32%	19%	21%	23%	22%	27%
	Píratar	-	-	-	-	-	-	-	5%	14%	7%	2%
	Viðreisn	-	-	-	-	-	-	-	-	8%	7%	1%
	Flokkur fólksins	-	-	-	-	-	-	-	-	-	5%	1%
	Miðflokkurinn	-	-	-	-	-	-	-	-	-	8%	1%
	Annar flokkur eða listi	20%	11%	10%	4%	9%	6%	8%	14%	14%	1%	10%
	Kaus ekki/skilaði auðu	17%	22%	20%	14%	11%	17%	14%	18%	10%	9%	15%
Umhverfismál fram yfir hagvöxt (meðaltal og staðalfrávik á kvarða 1 (Alveg sammála) til 5 (Alveg ósammála))												
		2,7	2,6	2,8	2,6	2,8	2,6	3,2	2,9	2,3	2,3	2,7
		(1,2)	(1,3)	(1,3)	(1,2)	(1,3)	(1,3)	(1,3)	(1,4)	(1,2)	(1,2)	(1,3)
Áhersla á stóriðju (meðaltal og staðalfrávik á kvarða 1 (Mjög mikla áherslu) til 5 (Mjög litla/enga áherslu))												
		-	3,4	2,9	3,3	3,2	3,6	3,2	3,7	4	4	3,4
		-	(1,3)	(1,2)	(1,2)	(1,1)	(1,0)	(1,2)	(1,1)	(1)	(0,9)	(1,2)
Heildarfjöldi svarenda												
		1745	1491	1721	1631	1446	1595	1385	1479	1295	2073	15861

Tafla 2 sýnir að meðalaldur þátttakenda hefur farið heldur hækkandi, var 43 ár 1987 en 48 ár 2017. Þetta er til marks um hækkandi aldur þjóðarinnar en skýrist þó einnig að nokkru leyti af lækkandi svarhlutfalli í yngstu aldurshópunum undanfarin ár. Kynjaskipting er nokkuð jöfn, í heildina 50,5% karlar og 49,5% konur. Búseta þátttakenda endurspeglar að nokkru leyti þá búsetuþróun sem átt hefur sér stað á tímabilinu frá 1987 til 2017 en þó hefur svarhlutfall verið heldur lægra á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni. Árið 1987 var yfir helmingur svarenda með grunnskólapróf eða minna og einungis 8% með háskólamenntun. Árið 2017 er hlutfall háskólamenntaðra í hópi svarenda orðið 42% og hlutfall þeirra sem ekki hafa lokið neinu formlegu námi eftir grunnskólapróf komið niður í 26%. Nokkur breyting hefur orðið á stuðningi við stjórnmálaflokka þar sem nýir

flokkar hafa komið inn á sjónarsviðið á sama tíma og fjórflokkurinn sýnir breytilegt hlutfall kjósenda á bak við sig. Þannig var fjórflokkurinn með um eða uppúr 90% fylgi á árunum 1999 til 2007 en það fer dalandi eftir hrun og mælist lægst árið 2016 (61%).

Mælitæki

Fylgibreyturnar í greiningunni eru tvær spurningar sem mæla viðhorf til umhverfismála og stóriðju. Fyrri spurningin er „Ertu sammála því eða ósammála, að á næstu árum ættu aðgerðir í umhverfismálum að hafa forgang fram yfir tilraunir til að auka hagvöxt, eða finnst þér þetta ekki skipta máli?“ Svarmöguleikar eru fimm á Likert kvarða þar sem einn stendur fyrir „Alveg sammála“ og fimm stendur fyrir „Alveg ósammála“. Spurningin var lögð fyrir í Íslensku kosningarannsókninni á árunum 1987 til 2017 í óbreyttri mynd. Spurning tvö var að mestu leyti óbreytt frá 1991 til 2017 og er svohljóðandi „Finnst þér að ríkisstjórnin ætti að leggja mikla, nokkra eða litla áherslu á orkufreka stóriðju?“ Svarmöguleikar eru fimm á Likert kvarða þar sem einn stendur fyrir „Mjög mikla áherslu“ og fimm stendur fyrir „Mjög litla áherslu (enga áherslu)“. Árið 1995 var eina árið þar sem orðalag spurningarinnar var örlítið öðruvísi en hin árin, en þá var spurningin orðuð þannig „Finnst þér að núverandi ríkisstjórn ætti að leggja mikla, nokkra eða litla áherslu á orkufreka stóriðju umfram fyrirliggjandi áform?“

Megináhersla okkar er á kosningahegðun fólks og til að mæla hana notum við spurningu um hvaða flokk svarendur kusu í síðustu alþingiskosningum. Spurningin var óbreytt öll árin og var orðuð þannig „Hvaða flokk eða lista kaust þú?“ Aðeins þeir sem höfðu þegar svarað því að þeir hefðu kosið í undangengnum alþingiskosningum voru spurðir þessarar spurningar. Aðrar bakgrunnsbreytur notaðar í greiningunni eru kyn, aldur, búseta, menntun, og tekjur. Upplýsingar um kyn, aldur og búsetu voru fengnar úr Þjóðskrá Íslands. Búsetu er skipt upp í höfuðborgarsvæðið annars vegar og hins vegar landsbyggðir. Menntun svarenda tók þrjú gildi eftir því hvort þeir hefðu lokið grunnskólanámi eða minna, framhaldsskólanámi eða háskólanámi. Spurt var um heildartekjur viðkomandi annars vegar og heildartekjur viðkomandi og maka samanlagt hins vegar. Tekjur voru flokkaðar í fimm jafn stóra fimmtunga þar sem fyrsti fimmtungur stendur fyrir tekjubíl fyrir lægstu tekjur og fimmti fimmtungur stendur fyrir tekjubíl fyrir hæstu tekjur.

3. Úrvinnsla

Við úrvinnslu var notast við tölfræðiforritið SPSS. Tvíkosta aðhvarfsgreining var notuð til að kanna samband kyns, aldurs, búsetu, menntunar, tekna, stuðnings við stjórn mála-flokk og viðhorfa til umhverfismála og orkufrekrar stóriðju. Í greiningarferlinu var byrjað á að nota aðhvarfsgreiningu fyrir raðbreytur til að skoða samband bakgrunnspátta og viðhorfa til umhverfismála og stóriðju. Slíkt líkan var valið til að freista þess að ná þeirri dreifingu sem 5 punkta kvarði býður upp á. Hins vegar kom í ljós að í nokkrum tilfellum uppfylltu líkönin ekki forsendu raðbreytuaðhvarfsgreiningar um hlutfallsleg líkendi. Því var ákveðið að notast við tvíkosta aðhvarfsgreiningu. Tvíkosta aðhvarfsgreining var gerð fyrir hvora fylgibreytu um sig fyrir hvert ár.

Fyrir tvíkosta aðhvarfsgreiningu voru fylgibreyturnar kóðaðar þannig að í breytu um umhverfismál, þar sem spurt var hvort ríkisstjórnin ætti að taka umhverfismál fram yfir hagvöxt, fengu þeir gildið 1 sem voru sammála („Alveg sammála“, og „Frekar sammála“) en gildið 0 fengu þeir sem voru ósammála („Skiptir ekki máli“ „Frekar ósammála“ eða „Alveg ósammála“). Fylgibreyta um viðhorf til stóriðju, þar sem spurt var hversu litla eða mikla áherslu viðkomandi vildi að ríkisstjórnin myndi leggja á orkufreka stóriðju, var kóðuð þannig að þeir sem vildu láta leggja áherslu á stóriðju fengu gildið 1 („Mjög mikla áherslu“ eða „Frekar mikla áherslu“) og þeir sem vildu ekki láta leggja áherslu á stóriðju fengu gildið 0 („Hvorki mikla né litla“, „Frekar litla áherslu“ eða „Mjög litla eða enga áherslu“).

Í tvíkosta aðhvarfsgreiningu voru frumbreytur kóðaðar þannig að karlar fengu gildið 0 og konur 1 á breytunni kyn, höfuðborgarsvæðið fékk gildið 0 og landsbyggðirnar gildið 1 á búsetubreytunni, þeir sem einungis hafa lokið grunnskólaprófi eða minna voru valdir sem viðmiðunarhópur fyrir menntunarbreytuna og svör þeirra sem lokið hafa framhalds-skólaprófi annars vegar og háskólaprófi hins vegar borin saman við viðmiðunarhópinn. Sama gildir fyrir tekjur, þ.e. fyrsti fimmtungur var valinn sem viðmiðunarhópur fyrir annan fimmtung tekna, þriðja fimmtung og svo framvegis.

Áhrifakóðun var notuð til að kóða breytuna sem segir til um stuðning við stjórn mála-flokk þar sem flokkum voru gefin gildin 0, 1 og -1. Fyrir hvern stjórn mála flokk var búin til ein breyta nema fyrir „Kaus ekki/ skilaði auðu“ sem var viðmiðunargildi allra stjórn mála-flokka og tók ávalt gildið -1. Þannig tók breyta fyrir Vinstrihreyfinguna – grænt framboð gildið 1, annar kaus ekki/skilaði auðu tók gildið -1 meðan aðrir stjórn mála flokkar fengu gildið 0. Þannig gekk kóðunin fyrir hvern stjórn mála flokk fyrir sig koll af kalli. Þegar áhrifakóðun er beitt má túlka líkindahlutfall eins stjórn mála flokks sem frávik frá óvegna meðaltali allra stjórn mála flokkanna. Þannig má t.d. túlka stuðulinn fyrir Vinstrihreyfinguna – grænt framboð þannig að hann segi til um mun á viðhorfi kjósenda VG og almennu við-horfi allra kjósenda það árið, í stað þess að vera bundin af því að skoða frávik frá einum stjórn mála flokki ef staðgengils kóðun hefði verið beitt. Niðurstöður þar sem gefið er upp öryggisbil allra breytna í töflu 3 og 4 má finna í viðaukatöflu 1 og viðaukatöflu 2.


Við greiningu á viðhorfum svarenda út frá því hvaða flokk þeir studdu í alþingiskosningum eru sýndir þeir flokkar sem buðu fram til kosninga árið 2017. Þó var Alþýðuflokknum og Alþýðubandalaginu haldið inni með því að fella þá saman við aðra stjórn mála flokka, annars vegar Samfylkingu og hins vegar Vinstrihreyfinguna – grænt framboð. Þessir tveir flokkar buðu í fyrsta skipti fram í Alþingiskosningunum árið 1999 og því endurspeglar kosningahegðun fyrir þann tíma stuðning Alþýðuflokk annars vegar (Samfylking) og Alþýðubandalag hins vegar (Vinstrihreyfingin - grænt framboð).

4. Niðurstöður

4.1 Hafa viðhorf Íslendinga til umhverfismála, hagvaxtar og orkufrekrar stóriðju breyst á 30 árum?

Fyrsta spurning okkar er hvernig viðhorf á Íslandi hafa breyst og hvort þau tengist staðbundnum málefnum. Mynd 1 sýnir að frá árinu 1987 til 2017 er hlutfall þeirra sem


eru sammála því að aðgerðir í umhverfismálum eigi að hafa forgang fram yfir aukinn hagvöxt ávallt hærra en hlutfall þeirra sem vilja leggja áherslu á aukinn hagvöxt fram yfir umhverfismál, að undanskildu árinu 2009. Þó að áhersla á umhverfismál hafi ekki verið eins mikil 1987 og undanfarin ár, voru það engu að síður um 50% sem völdu aðgerðir í umhverfismálum umfram hagvöxt, en um 30% völdu hagvöxt það ár. Svipaðar tölur má sjá árið 1991 en árið 1995 dregur aðeins saman með svarendum. Munurinn eykst svo aftur árið 1999, minnkar 2003 en eykst árið 2007. Markverðustu niðurstöðurnar birtast síðan árið 2009, í kjölfar kosninga sem voru bein afleiðing Hrunsins og búsáaldabylt-ingarinnar, en þá fer hlutfall þeirra sem vilja auka hagvöxt (um 50%) yfir hlutfall þeirra sem velja aðgerðir í umhverfismálum (ríflega 30%) í fyrsta og eina skiptið undanfarin 30 ár. Þessar niðurstöður koma ekki á óvart, þar sem þjóðin hafði nýlega gengið í gegnum eitt mesta efnahagsáfall Íslandssögunnar og eitt af stærstu bankahrunum á heimsvísu með tilheyrandi atvinnuleysi. Það sem gerist á næstu árum er þó jafn áhugavert, þar sem áherslan færir hratt yfir á umhverfismálin eftir 2009, árið 2013 er það svipað hlutfall sem velur þau og hagvöxt (45-50%) en árið 2016 hafa aðgerðir í umhverfismálum tekið stökk, og þá velja tæp 70% aðgerðir í umhverfismálum umfram hagvöxt og það hlutfall hélst svipað í kosningunum árið eftir. Niðurstöður styðja því tilgátu 1 þar sem fjöldi þeirra sem vildi leggja áherslu á hagvöxt umfram umhverfismál í kjölfar Hrunsins jókst, en hafa ber í huga að sú breyting varð skammlíf. Hlutfall þeirra sem vildu leggja áherslu á umhverfismál fram yfir aukinn hagvöxt varð í kjölfar þessa hærra en nokkru sinni áður.



Mynd 1. Viðhorf Íslendinga til aðgerða í umhverfismálum fram yfir hagvöxt á árunum 1987 til 2017

Í tilgátu tvö er spurt hvort að breytingar verða á viðhorfi fólks til stóriðju hér á landi yfir tíma, og þá sérstaklega lítið til hvort og hvernig breytingarnar eiga sér stað í kringum

opnum Kárahnjúkavirkjunar árið 2007. Mynd 2 sýnir skýrar breytingar á árunum 1991 til 2017, en síðan 1995 hefur hlutfall þeirra sem eru ósammála því að leggja áherslu á orkufreka stóriðju aukist ár frá ári og árið 2017 voru 80% Íslendinga ósammála því að leggja áherslu á stóriðju. Þegar niðurstöðurnar eru skoðaðar yfir tímabilið sést að um helmingur var ósammála því árið 1991, en hlutfallið fer niður í 30% árið 1995, eykst í 40% árið 1999 og minnkar lítillega árið 2003. Sérstaklega athyglisvert er að sjá að árið 2007, eftir opnun Kárahnjúkavirkjunar, sést stórt stökk þar sem 60% eru ósammála því að leggja áherslu á stóriðju og um það bil 14% sammála. Þetta er mesti munur sem hafði sést fram að þeim tíma sem hér er til skoðunar. En líkt og með meiri áherslu á hagvöxt í kjölfar Hrunsins, sjáum við aukna áherslu á stóriðju árið 2009 en þá voru rétt undir 50% ósammála slíkri áherslu. Síðan þá hefur andstaða við stóriðju aukist, hlutfall þeirra sem eru ósammála er aftur komið í 60% árið 2013, en um 80% bæði 2016 og 2017. Tilgáta 2 er því studd þar sem sífellt færri vilja leggja áherslu á stóriðju yfir tíma. Einnig sést að eftir opnun Kárahnjúkavirkjunar jókst fjöldi þeirra sem var ósammála því að leggja aukna áherslu á orkufreka stóriðju töluvert.



Mynd 2. Viðhorf Íslendinga til orkufrekar stóriðju á árunum 1991 til 2017

4.2 Hver er munurinn á viðhorfum kjósenda mismunandi stjórnmálaflokka til umhverfismála, hagvaxtar og orkufrekar stóriðju?

Seinni rannsóknarspurningin snérist um að skoða hvort tenging væri á milli viðhorfa og kosningahegðunar Íslendinga. Í tilgátu 3 er kannað hvort kjósendur flokka sem eru lengra til vinstri séu líklegri til þess að velja umhverfismál fram yfir hagvöxt miðað við þá sem eru staðsettir hægra megin sem séu svo líklegri til að velja hagvöxt fram yfir um-

hverfismál. Tafla 3 sýnir niðurstöður tvíkösta aðhvarfsgreiningar sem kannar sambandið milli kosningahegðunar og þess hvort fólk velji umhverfismál fram yfir hagvöxt eða öfugt, þar sem stýriþreytur eru kyn, aldur, búseta, menntun og tekjur. Sýnt er líkindahlutfall sem má túlka þannig að ef talan er lægri en 1 þá er hópurinn líklegri til að velja hagvöxt fram yfir aðgerðir í umhverfismálum en ef hún er hærra en 1 þá er hópurinn líklegri til að velja aðgerðir í umhverfismálum fram yfir hagvöxt. Viðaukatafla 3 sýnir fjölda svarenda í aðhvarfsgreiningunni og fjölda brottfallsgilda (þeir sem segja „veit ekki“, „vil ekki svara“ eða fengu ekki spurningu).

Niðurstöðurnar sýna að stjórnmálaviðhorf eru eina breytan sem hefur marktæk áhrif á val öll árin. Kynjamunur kemur aðeins fram þrisvar sinnum yfir tímabilið, en árin 1991, 1999 og 2007 eru konur líklegri til að leggja áherslu á aðgerðir í umhverfismálum en karlar. Aldur var marktækur árin 1995, 2003 og 2009, en þá lögðu þeir eldri frekar áherslu á hagvöxt heldur en þeir sem yngri eru. Árin 2003 og 2009 leggur fólk á landsbyggðunum síður áherslu á aðgerðir í umhverfismálum miðað við fólk á höfuðborgarsvæðinu. Menntun hefur engin áhrif nema árið 2009 þar sem fólk með háskólapróf var líklegra til að leggja áherslu á aðgerðir í umhverfismálum, samanborið við þá sem eru með grunnskólapróf. Tekjur hafa lítil áhrif en áhugavert er að skoða að árið 2009 (rétt eftir Hrunið) eru það frekar hinir efnameiri en þeir efnaminni sem velja hagvöxt umfram aðgerðir í umhverfismálum.

Hvað stjórnmálaflokkana varðar þá sést að Vinstrihreyfingin – grænt framboð (VG) og Sjálfstæðisflokkurinn eru einu stjórnmálaflokkarnir sem hafa marktæk frávík frá almennu viðhorfi öll árin. Þar sést að stuðningsfólk VG er líklegra en aðrir til þess að velja umhverfismál fram yfir hagvöxt öll árin og vex áherslan á umhverfismál fram yfir hagvöxt jafnt og þétt frá árinu 1991 og nær hámarki árið 2007, þar sem stuðningsfólk VG er fjórum sinnum líklegri til þess að styðja umhverfismál fram yfir hagvöxt en aðrir kjósendur það árið. Kjósendur Sjálfstæðisflokksins eru líklegri til þess að velja hagvöxt umfram umhverfismál allt tímabilið. Niðurstöður fyrir kjósendur Samfylkingarinnar breytast milli ára þar sem þeir velja hagvöxt fram yfir umhverfismál árið 1995 en sýna svo meiri stuðning við umhverfismál árin 1999, 2007 og 2013. Kjósendur Framsóknarflokksins taka hagvöxt fram yfir umhverfismál árin 2003 til 2013 og svo aftur árið 2017. Það sama má sjá hjá kjósendum Miðflokksins sem taka hagvöxt fram yfir umhverfismál árið 2017. Árið 2016 sést að kjósendur Pírata leggja áherslu á umhverfismál fram yfir hagvöxt. Ekki er samband milli þess að kjósa Viðreisn eða Flokk fólksins og að taka afstöðu til annaðhvort umhverfismála eða hagvaxtar. Að lokum má sjá að árin 1991, 1995 og 2013 eru aðrir flokkar hlynntari því að taka umhverfismál fram yfir hagvöxt en árið 1999 kemur fram hið andstæða, þ.e. að kjósendur annarra flokka taka hagvöxt fram yfir umhverfismál. Því er tilgáta 3 studd, sem gerir ráð fyrir að kjósendur flokka sem eru lengra til vinstri á pólitískum skala séu líklegri til þess að velja umhverfi fram yfir hagvöxt en þeir sem eru staðsettir hægra megin á pólitískum skala sem séu svo líklegri til að velja hagvöxt fram yfir umhverfi.

Tafla 3. Tvíkosta aðhvarfsgreining sem sýnir hversu ósammála eða sammála fólk er því að taka umhverfismál fram yfir hagvöxt greint út frá stuðningi við stjórnmálaflokk fyrir hvert ár. Gefið er upp líkindahlutfall (e. odds ratio) og marktekt.

	1991 OR	1995 OR	1999 OR	2003 OR	2007 OR	2009 OR	2013 OR	2016 OR	2017 OR
Skurðpunktur									
<i>Kyn</i>	0,97	0,70	0,58 *	0,80	1,48	0,33 ***	1,63	1,65	2,66 **
Karl (viðmiðunarbreyta)									
Kona	1,39 *	1,24	2,14 ***	1,11	1,47 **	1,23	1,03	1,16	1,13
<i>Aldur</i>									
Aldur í árum	1,00	1,01 *	1,00	1,01 **	1,00	1,01 **	1,00	1,01	1,00
<i>Búseta</i>									
Höfuðborg (viðmiðunarbreyta)									
Landsbyggð	0,93	1,09	0,83	0,70 *	1,12	0,62 **	0,78	0,86	0,60
<i>Menntun</i>									
Grunnskólapróf (viðmiðunarbreyta)									
Framhaldsskólapróf	1,24	1,16	1,18	1,04	0,88	1,18	1,25	1,18	0,53
Háskólapróf	1,06	1,04	1,34	1,19	1,17	1,60 *	1,25	1,44	0,81
<i>Mánaðartekjur</i>									
Fyrsti fimmtungur (viðmiðunarbreyta)									
Annar fimmtungur	1,24	0,86	1,27	0,75	0,89	0,63 *	1,01	0,86	0,37
Þriðji fimmtungur	1,06	0,57 **	1,01	1,05	0,88	0,56 **	0,90	1,00	0,50
Fjórdi fimmtungur	1,03	0,80	1,29	0,71	0,97	0,52 *	0,61 *	0,87	0,54
Fimmti fimmtungur	1,02	0,73	1,28	0,49 **	0,80	0,53 *	0,40 ***	0,48 **	0,51
Stuðningur við stjórnmálaflokk									
Kaus ekki/skilaði auðu (viðmiðunarbreyta)									
VG	2,01 ***	1,67 **	2,39 ***	4,23 ***	4,00 ***	3,19 ***	4,23 ***	1,67 *	2,00 **
Samfylkingin	0,83	0,62 **	1,43 *	1,08	1,33 *	0,92	1,54 *	1,83	1,36
Framsóknarflokkurinn	0,91	0,85	0,79	0,55 ***	0,36 ***	0,58 **	0,51 ***	0,66	0,60 *
Sjálfstæðisflokkurinn	0,48 ***	0,78 **	0,66 ***	0,51 ***	0,43 ***	0,51 ***	0,31 ***	0,47 ***	0,49 ***
Piratar							1,00	1,94 **	1,99
Viðreisn								1,01	1,02
Flokkur fólksins									0,64
Miðflokkurinn									0,48 *
Aðrir flokkar	1,79 **	1,56 **	0,50 *	1,05	1,17	1,18	1,56 **	1,14	1,28
Fjöldi	N=952	N=1152	N=969	N=818	N=980	N=885	N= 894	N=741	N=682
Cox & Snell R ²	0,07	0,04	0,09	0,10	0,14	0,11	0,17	0,09	0,09
Nagelkerke R ²	0,09	0,05	0,12	0,14	0,19	0,16	0,23	0,13	0,13

Marktaekur munur er á hópum: * $p \leq 0,05$; ** $p \leq 0,01$; *** $p \leq 0,001$

Fjórdða tilgátan prófar hvort kjósendur flokka sem eru staðsettir til vinstri séu ólíklegri til þess að leggja aukna áherslu á orkufreka stóriðju en þeir sem eru staðsettir hægra megin. Í töflu 4 má sjá niðurstöður tvíkosta aðhvarfsgreiningar þar sem kannað er hvort kjósendur eru sammála eða ósammála því að ríkisstjórnin eigi að leggja áherslu á orkufreka stóriðju þar sem stýribreytur eru kyn, aldur, búseta menntun og tekjur. Aftur eru niðurstöðurnar sýndar sem líkindahlutfall, þar sem tala yfir 1 þýðir að hópurinn er líklegri til að leggja áherslu á stóriðju en undir 1 þýðir að hópurinn sé síður líklegur til að gera það.

Konur eru ólíklegri til að styðja orkufreka stóriðju en karlar árin 1991 til 2013. Aldur

kemur fram sem áhrifabáttur árin 2013 og 2017, en þá eru yngri kjósendur síður líklegri til að styðja stóriðju en þeir sem eldri eru. Á árunum 1999, 2009 og 2013 verða íbúar á höfuðborgarsvæðinu ólíklegri til að vilja leggja áherslu á stóriðju en íbúar á landsbyggðinni. Nokkuð stöðugt samband hefur verið á milli menntunar og viðhorfa til stóriðju, en frá árunum 1995 til 2016 hafa þeir sem hafa háskólapróf verið síður líklegir til að styðja stóriðju, samanborið við þá sem hafa grunnskólapróf. Lítið samband virðist vera á milli tekna og við horfa til stóriðju, nema eitthvað samband árin 1995, 2009 og 2013. Þar kemur fram að hinir efnameiri styðja frekar stóriðju en hinir efnaminni.

Niðurstöður stjórnmálaflokkanna sýna að Sjálfstæðisflokkurinn er eini flokkurinn sem hefur marktækt jákvæðari viðhorf til stóriðju yfir allt tímabilið en kjósendur almennt. Kjósendur Sjálfstæðisflokksins eru flest árin u.þ.b. tvisvar til þrisvar sinnum líklegri en kjósendur almennt til að leggja áherslu á stóriðju. Kjósendur VG eru ólíklegri til að leggja áherslu á stóriðju öll árin nema 2016 og 2017. Kjósendur Samfylkingarinnar eru einungis hlyntir stóriðju árið 1991. Kjósendur Framsóknarflokksins eru hlyntir því að ríkisstjórnin ætti að leggja aukna áherslu á stóriðju árin 1999 til 2013. Afstaða kjósenda annarra flokka sem komu nýir á þing árið 2013 eða seinna til stóriðju er sambærileg við almenn viðhorf kjósenda. Kjósendur annarra flokka eru hlyntari því að leggja ekki áherslu á stóriðju árin 1991 til 1999 og svo aftur árin 2013 til 2016.

Tafla 4. Tvíkosta aðhvarfsgreining sem sýnir hvort ríkisstjórnin ætti að leggja litla (enga) áherslu á stóriðju eða leggja áherslu á stóriðju greint út stuðningi við stjórnmalaflokk fyrir hvert ár. Gefið er upp líkindahlutfall (e. odds ratio) og marktækt.

	1991	1995	1999	2003	2007	2009	2013	2016	2017
	OR	OR	OR	OR	OR	OR	OR	OR	OR
Skurðpunktur									
	0,35 ***	0,71	0,30 ***	0,45 ***	0,17 ***	0,44 **	0,33 **	0,21 **	0,22 *
Kyn									
Karl (viðmiðunarbreyta)									
Kona	0,38 ***	0,46 ***	0,57 ***	0,55 **	0,65 *	0,46 ***	0,47 ***	1,04	0,85
Aldur									
Aldur í árum	1,00	1,00	0,99	1,00	1,00	1,00	0,98 ***	0,99	0,97 *
Búseta									
Höfuðborg (viðmiðunarbreyta)									
Landsbyggð	0,94	0,85	1,46 *	1,24	1,44	1,39 *	1,28 *	1,26	1,21
Menntun									
Grunnskólapróf (viðmiðunarbreyta)									
Framhaldsskólapróf	0,96	0,82	0,88	0,76	0,75	0,77	0,93	0,76	1,19
Háskólapróf	0,76	0,54 **	0,57 *	0,38 ***	0,63	0,52 **	0,57 *	0,41 *	0,71
Mánaðartekjur									
Fyrsti fimmtungur (viðmiðunarbreyta)									
Annar fimmtungur	1,24	0,94	0,78	0,90	1,23	1,11	1,07	1,02	0,83
Þriðji fimmtungur	1,20	1,52 *	1,05	1,29	1,27	1,77 *	2,01 *	0,80	0,41
Fjórdi fimmtungur	1,49	1,38	1,16	1,14	1,03	1,29	1,78	0,65	1,08
Fimmti fimmtungur	1,19	1,53 *	1,03	0,81	1,00	1,16	1,93 *	0,75	0,55
Stuðningur við stjórnmalaflokk									
Kaus ekki/skilaði auðu (viðmiðunarbreyta)									
VG	0,60 *	0,68 *	0,50 *	0,28 ***	0,23 ***	0,25 ***	0,42 *	0,80	0,40
Samfylkingin	1,64 **	1,24	1,09	0,82	0,67	1,21	0,92	*	0,34
Framsóknarflokkurinn	0,96	1,05	2,01 ***	2,10 ***	2,92 ***	1,75 **	2,23 ***	0,96	1,50
Sjálfstæðisflokkurinn	2,45 ***	1,66 ***	2,42 ***	2,57 ***	2,43 ***	2,21 ***	2,85 ***	2,11 **	2,91 ***
Píratar							0,85	1,22	0,44
Viðreisn								1,02	2,36
Flokkur fólksins									1,95
Miðflokkurinn									0,78
Aðrir flokkar	0,47 *	0,70 *	0,35 *	0,83	0,62	0,63	0,34 **	0,25 *	**
Fjöldi	N=958	N=1239	N=1078	N=913	N=1117	N=941	N= 941	N=718	N=681
Cox & Snell R ²	0,11	0,07	0,07	0,11	0,08	0,13	0,10	0,04	0,05
Nagelkerke R ²	0,16	0,09	0,11	0,16	0,14	0,18	0,18	0,10	0,13

Marktækur munur er á hópum: * $p \leq 0,05$; ** $p \leq 0,01$; *** $p \leq 0,001$

* Samfylkingin var fjarlægð úr aðhvarfsgreiningunni árið 2016 vegna þess að hún stóðst ekki forsendur um lágmarksfjölda, þar sem enginn svaraði því að leggja aukna áherslu á orkufreka stóriðju.


** Flokkarnir "Á ekki við" og "Aðrir flokkar" voru sameinaðir árið 2017 vegna fámennis í hópunum

4.3 Hver eru áhrif íslenskra stjórnmála á viðhorfin?

Þar sem flokkapólitík hefur sterkt samband við viðhorf til umhverfismála og stóriðju ásamt því að um er að ræða málefni sem ágreiningur hefur verið um í íslenskum stjórnmálum skoðum við sérstaklega viðhorf kjósenda allra flokka á Alþingi árið 2020 til þessara tveggja spurninga á þeim tímupunktum sem við á. Myndir 3 og 4 sýna hvernig


viðhorf kjósenda stjórnmálaflokkanna breytast milli ára í takt við þær samfélagslegu breytingar sem áttu sér stað á hverju kjörtímabili sem til skoðunar er. Flokkar sem sýndir eru á myndunum eru Flokkur fólksins, Framsókn, Miðflokkurinn, Píratar, Samfylkingin, Sjálfstæðisflokkurinn, Viðreisn og Vinstrihreyfingin – grænt framboð. Þar sem spurt hefur verið um viðhorf til þess að forgangsraða umhverfismálum fram yfir hagvöxt frá árinu 1987 sýnum við breytingar á viðhorfum frá þessum tímamarki.

Mynd 3 sýnir að hlutfall þeirra sem velja aðgerðir í umhverfismálum fram yfir hagvöxt er hæst hjá VG og lægst hjá kjósendum Framsóknar og Sjálfstæðisflokks. Nokkur munur var á kjósendum VG og Samfylkingar til ársins 2016 en þá hefur nánast dregið saman með flokkunum og um 80% kjósenda beggja flokka leggja áherslu á umhverfismál fremur en hagvöxt. Einnig sést greinilega að í kjölfar Hrunsins árið 2009 minnkaði hlutfall þeirra sem völdu aðgerðir í umhverfismálum fram yfir hagvöxt mikið, en fór þó ekki undir 50% hjá VG. Hjá Samfylkingu fór það hins vegar niður í 30% og einungis um 20% kjósenda Framsóknar og Sjálfstæðisflokks völdu umhverfismál yfir hagvöxt. Ef lítið er á flokkana yfir tíma þá hefur stuðningur við umhverfismál fram yfir hagvöxt á meðal kjósenda VG verið á bilinu 50% til rúmlega 90%, Samfylkingar frá 30% til tæplega 80%, Framsóknar frá 20% til rúmlega 50% og svipað hjá Sjálfstæðisflokki. Þegar skoðaðir eru flokkarnir sem hafa komið til sögunnar síðan 2013, þá er greinilegt að kjósendur Pírata hafa svipaða afstöðu og VG og Samfylking hvað þessi viðhorf varðar en Flokkur Fólksins sýnir heldur minni stuðning við umhverfismálin en Samfylkingin. Það eru þó kjósendur Miðflokksins sem skera sig úr; árið 2017 er hann eini flokkurinn þar sem stuðningur er undir 50%, en það ár völdu um 45% kjósenda Miðflokksins aðgerðir í umhverfismálum fram yfir hagvöxt. Þegar farið er yfir landslagið árið 2017 þá virðast vera tvær fylkingar, annars vegar VG, Píratar, Samfylking og Flokkur Fólksins og hins vegar Framsókn, Sjálfstæðisflokkur og Miðflokkur. Viðreisn er þó undanskilin þessum tveimur fylkingum þar sem flokkurinn raðar sér mitt á milli þessara tveggja hópa.



Mynd 3. Hlutfall þeirra sem eru sammála því að á næstu árum ættu aðgerðir í umhverfismálum að hafa forgang fram yfir tilraunir til að auka hagvöxt sýnt eftir hvaða flokk viðkomandi kaus árin 1987-2017

Spurt hefur verið um viðhorf til stóriðju síðan 1991 og má sjá niðurstöður eftir kjósendum flokkanna á mynd 4. Fljótt á litið sést að mikil samstaða hafi nú náðst á meðal almennings um málefni sem greinilega var töluvert ágreiningsefni við upphaf mælinganna. Ef skoðuð eru viðhorf kjósenda flokkanna fjögurra sem eru með gögn allt tímabilið, þá er verulegur munur árið 1991, en þá vildu um 40% kjósenda Sjálfstæðisflokks sjá aukna áherslu á stóriðju, um 22% kjósenda Framsóknar, ríflega 30% kjósenda Samfylkingar og 14% kjósenda VG. Munurinn milli flokka helst nokkuð stöðugur fram til 2016 en þá hefur dregið verulega saman. Áhugavert er þó að í kjölfar Hrunnsins virðast kjósendur Framsóknar og Sjálfstæðisflokks hafa verulega trú á stóriðju sem leið út úr Hruninu en það á ekki við um kjósendur VG en innan við 10% kjósenda þeirra hafa viljað sjá aukna áherslu á stóriðju allar götur síðan 1999. Í kringum framkvæmd og opnun Kárahnjúkavirkjunar má sjá að hlutfall þeirra sem eru sammála því að leggja aukna áherslu á orkufreka stóriðju lækkar meðal allra flokka. Einnig sést að árið 2007 var nánast enginn munur á kjósendum Samfylkingar og VG en stuðningur við stóriðju jókst meðal kjósenda Samfylkingar í kjölfar Hrunnsins. Árið 2017 er lítill munur á flokkunum hvort sem um er að ræða gamla fjórflokkinn eða nýrri flokka. Það ár mælist stuðningur meðal kjósenda Sjálfstæðisflokksins mestur en þó eru það einungis rúmlega 10% kjósenda hans sem vilja aukna áherslu á stóriðju. Kjósendur allra annarra flokka raða sér fyrir neðan það.



Mynd 4. Hlutfall þeirra sem vilja leggja aukna áherslu á orkufreka stóriðju út frá hvaða flokk viðkomandi kaus árin 1991-2017

5. Umræða

Í þessari grein var skoðað hvort og þá hvernig viðhorf almennings til umhverfismála og stóriðju hafa breyst samhliða pólitískum og efnahagslegum áherslubreytingum á síðustu áratugum. Fjallað var um þær viðhorfsbreytingar sem hafa orðið á 30 ára tímabili og þá sérstaklega möguleg áhrif Hrunsins á viðhorf einstaklinga til umhverfismála og hagvaxtar sem og hvort að sjá mætti breytingar á viðhorfum til orkufrekrar stóriðju í kringum opnun Kárahnjúkavirkjunar. Í framhaldi af því var einnig skoðað hvort afstaða fólks í þessum málefnum tengdist því hvaða flokk fólk kaus.

Til að svara fyrstu rannsóknarspurningunni, sem kannaði hvort viðhorfsbreytingar hafi orðið yfir tíma sem og hvort staðbundin málefni á Íslandi hafi haft áhrif á viðhorf einstaklinga, þá virtist vera mikil áhersla á umhverfismál hjá Íslendingum nánast allt tímabilið. Þó að áhersla á umhverfismál hafi ekki verið nærri eins mikil árið 1987 og undanfarin ár, voru það engu að síður um 50% kjósenda sem völdu aðgerðir í umhverfismálum umfram hagvöxt. Samt sem áður voru nokkrar sveiflur á viðhorfum og mætti þar helst nefna sveifluna sem varð árið 2009, en það var eina skiptið á þessu 30 ára tímabili sem fjöldi þeirra sem vildu leggja áherslu á umhverfismál fram yfir hagvöxt lækkaði í öllum flokkum. Má því sjá ákveðið mynstur þar sem Íslendingar almennt vilja leggja áherslu á umhverfismál fram yfir hagvöxt, að undanskildu árinu 2009 þar sem hagvöxtur

var settur í forgang, væntanlega í kjölfar Hrunsins. Hins vegar má sjá að ef borin eru saman viðhorf til umhverfismála frá árinu 1987 og 2017 er tæplega 20% heildaraukning á þeim sem eru sammála þeirri fullyrðingu að umhverfismál ættu að vera í forgangi fram yfir hagvöxt. Þessa aukningu mætti útskýra með kenningu Inglehart (1990) þar sem það virðast vera póstmódernísku gildin sem fylgja þróun samfélaga sem hafi breytt viðhorfinu til umhverfismála yfir tíma. Eins og Inglehart nefnir þá skapast vandinn þegar stjórnvöld neyðast til að velja á milli umhverfisverndar og hagvaxtar og leiðir það til þess að umhverfismál verði að „pólítísku viðfangsefni“ (Inglehart 1995, 59). Það gerðist hér á landi í kringum deilurnar um Kárahnjúkavirkjun en þá varð umhverfisvernd á stuttum tíma pólítískt viðfangsefni, en því hefur verið haldið fram að við byggingu hennar hafi orðið grundvallarbreyting í umhverfisvernd hér á landi (Ólafur Þ. Hardarson & Gunnar Helgi Kristinsson 2003; Jón Ólafsson 2006).

Enn fremur er hægt að styðja hugmyndir Inglehart (1990) um póstmódernísku gildin þegar skoðað er hversu miklu færri vilja leggja áherslu á stóriðju í dag samanborið við árið 1987. En 80% voru ósammála því að leggja ætti áherslu á stóriðju árið 2017 og sýnir það að þó það gæti fylgt hagvöxtur af stóriðjuframkvæmdum eru önnur gildi sem hafa meira vægi í dag. Í dag mætti færa rök fyrir því að umhverfismál, meðal annars náttúruvernd, sé orðið meira pólítískt viðfangsefni en áður en ítarlegri rannsóknir á því eru nauðsynlegar til að alhæfa um slíkt. Skilin á milli viðhorfa til umhverfismála og hagvaxtar sáust skýrt í gögnunum okkar beint í kjölfar Hrunsins. Eins og búist var við lagði herra hlutfall svarenda áherslu á hagvöxt fram yfir umhverfismál en árin á undan, en þar hefur slæm fjárhagsstaða landsins væntanlega spilað stórt hlutverk. Erlendar rannsóknir hafa sýnt að forgangsröðun almennings getur breyst í kjölfar efnahagshruns þar sem einstaklingar virðast leggja meiri áherslu á hagvöxt fram yfir umhverfi (Kenny 2020), en þessi áherslubreyting var þó fljót að ganga til baka hér á landi. Gögnin okkar virðast undirstrika hvernig gildi einstaklinga innan samfélaga hafa þróast í sömu hátt og Inglehart (1995) bendir á. Þó fleiri rannsóknir séu nauðsynlegar sem skoða þetta samband er ljóst að almenningur hefur heilt yfir meiri tilhneigingu til að leggja áherslu á umhverfismál og er það í takt við aukna umræðu um það málefni í nútímasamfélagi.

Í annarri rannsóknarspurningunni var rýnt sérstaklega í viðhorf Íslendinga til umhverfismála, hagvaxtar og orkufrekrar stóriðju miðað við hvað viðkomandi kaus í síðustu kosningum. Niðurstöðurnar sýna að VG og Sjálfstæðisflokkurinn eru einu stjórnmálaflokkarnir sem hafa marktæk frávik frá almennu viðhorfi öll árin þegar skoðað er hvort einstaklingur sé líklegri til að velja umhverfi fram yfir hagvöxt. Þar sem VG eru líklegri en aðrir til þess að velja umhverfismál fram yfir hagvöxt öll árin og kjósendur Sjálfstæðisflokksins líklegri til þess að velja hagvöxt umfram umhverfismál allt tímabilið. Almennt virðast síðan þeir flokkar sem eru til vinstri oftast líklegri til að leggja áherslu á umhverfismál, mætti þar t.d. nefna VG og Samfylkinguna. Kjósendur Framsóknarflokksins taka hagvöxt fram yfir umhverfismál árin 2003 til 2013 og svo aftur árið 2017. Þáratar lögðu frekar áherslu á umhverfismál fram yfir hagvöxt árið 2016 á meðan Miðflokkurinn var líklegri til að leggja áherslu á hagvöxt umfram umhverfismál árið 2017. Ekki kom fram samband við kjósendur Viðreisnar og Flokk fólksins þegar skoðuð voru viðhorf þeirra

til þess að leggja frekar áherslu á hagvöxt fram yfir umhverfismál. Er þetta í takt við aðrar rannsóknir, að þeir sem eru til vinstri eru líklegri til að vilja fórna eigin tekjum til að vernda umhverfið (Sóllilja Bjarnadóttir 2020), eru meðvitaðri um umhverfisvandamál (Neymayer 2003), líklegri til að samþykka hærri skatta í þágu umhverfisverndar (Fairbrother 2017) og hafa meiri vilja til að koma í veg fyrir skemmdir á umhverfinu (Torgler & García-Valiñas 2007). Sama mynstur má sjá í þessari rannsókn þar sem VG og Samfylkingin hafa verið flokkaðir sem vinstri flokkar á meðan Sjálfstæðisflokkurinn hefur verið flokkaður sem hægri flokkur. Enn fremur mátti sjá að kjósendur Sjálfstæðisflokksins eru líklegri en aðrir kjósendur til að leggja áherslu á stóriðju öll árin og kjósendur VG ólíklegri en aðrir flokkar til að vilja leggja aukna áherslu á stóriðju, að undanskyldum árunum 2016 og 2017. Það mætti þó útskýra með því að á árunum 2016 og 2017 eru flestir stjórnálflokkar orðnir nokkuð samhljóma í því að vilja ekki leggja áherslu á orkufreka stóriðju og því sést ekki lengur sami munur á VG og öðrum stjórnálflokkum.

Í gögnunum úr ÍSKOS eru lagðar fram tvær spurningar, en hafa ber í huga að viðfangsefnið er flókið og margþætt og vísar bæði í staðbundnar og hnattrænar aðstæður. Spurningin um forgang umhverfismála eða hagvaxtar sver sig í átt við ýmis mælitæki sem notuð hafa verið til að mæla umhverfishygd almennings á erlendum vettvangi. Mælingar á umhverfishygd hafa þó einnig notast við önnur mælitæki sem eru talsvert ólík þessari spurningu og því er varasamt að alhæfa mikið út frá þessari einu spurningu. Jafnframt má gagnrýna orðalag þessarar tilteknu spurningar á þeim forsendum að hún feli í sér „falska andstæðu“ á milli umhverfisverndar og hagvaxtar, samanber vaxandi umræðu um „grænan hagvöxt“. Spurningin um áherslu stjórnvalda á stóriðju er sértækari; deilur um virkjanamál og stóriðju eru engan veginn séríslenskt fyrirbæri en hafa þó verið í miðpunkti náttúruverndarumræðunnar héraðs um allmarga áratugi. Fólk getur verið fylgjandi eða andvígt uppbyggingu stóriðju af margvíslegum ástæðum og því er engan veginn sjálfsgefið að neikvæð viðhorf til stóriðju jafngildi jákvæðum viðhorfum til umhverfismála almennt. Ef horft er á niðurstöður beggja spurninga saman, gefa þær samt sem áður skýra vísbendingu um almennt vaxandi vægi umhverfismála á Íslandi á undan-gengnum þrjátú árum. Hins vegar er ljóst að það vantar hér á landi gögn til að skoða þetta betur og draga lærdóm af. Með aukinni umhverfisvernd og breytingum í umhverfi okkar er nauðsynlegt að skilja ólíkar hliðar umhverfis- og auðlindamála til að geta fundið sem bestar lausnir við þeim vandamálum sem við stöndum frammi fyrir.

Umræðan um umhverfismál er í mikilli deiglu um þessar mundir og hefur talsvert breyst á undanförunum 20 árum; stærsti hluti umræðunnar í dag er helgaður hnattrænum loftslagsbreytingum – hamfararhlýnun – en önnur eldri svið hafa nokkuð fallið í skuggann af henni. Ekki er sjálfsgefið að breytingar í viðhorfum, sérstaklega til staðbundinna málaflokka eins og náttúruverndar eða virkjana og stóriðju, fylgi áfram sömu þróun og verið hefur og gætu hnattrænar loftslagsbreytingar haft áhrif á þessa þróun. Mikilvægt er að fylgjast áfram með þeirri þróun, með reglulegum og fjölpættum rannsóknnum innan félagsvísinda. Aðrar rannsóknir á sviðinu gætu skoðað hvaða fleiri þættir á Íslandi hafa áhrif á þessar viðhorfsbreytingar. Þá skortir enn mikið upp á að hægt sé að svara ýmsum grundvallarspurningum um viðhorf Íslendinga til umhverfismála, t.d. hvort breytt við-

horf tengist breytingum á gildismati, hvernig umhverfishygd tengist einstökum hefðbundnum áherslusviðum (svo sem náttúruvernd, landgræðslu eða skógrækt) og hvað ný áherslusvið í umræðunni (svo sem hamfararhlýnun) gætu leitt til í framtíðinni. Varla ætti þó að fara fram hjá neinum að umhverfismál eru komin til að vera í íslensku samfélagi og stjórnmálum. Með þessari grein freista höfundar þess að öðlast dýpri skilning á tengslum viðhorfa til umhverfistengdra málefna og stíga þannig skref í átt að bætari og heildstæðari skilningi á mikilvægi umhverfismála hérlendis.

Aftanmálsgrein

- 1 Upphaflegi textinn er á ensku, þýðing er höfunda: The issue was among the most fiercely debated in Icelandic politics, indicating the emergence of a new cleavage factor – environmental issues – which only about five years earlier could be considered a minor issue in Icelandic politics. Close to 400 speeches on the bill (not counting committee meetings) in the Alþingi, where 63 Members of Parliament sit, indicated the seriousness with which it was treated.

Heimildaskrá

- Alcoa (e.d.). „Iceland.“ Sótt af <https://www.alcoa.com/iceland/ic>.
- Auður H. Ingólfssdóttir, Þorvarður Árnason, Jukka Siltanen og Hjalti Jóhannesson (2019). *Náttúruvernd og byggðaðbrún: Ábrif verndarsvæða á grannbyggðir*. Reykjavík: Hagfræðistofnun.
- Auður Ingólfssdóttir (2008). „Environmental security and small states.“, í C. Archer, A.J.K. Bailes og A. Wivel (ritstj.), *Small States and International Security* (bls. 80-92). New York: Routledge.
- Ásgeir Jónsson, Ásdís Kristjánsdóttir og Illugi Gunnarsson (2018). *Framtíð íslenskerar peningastefnu*. Reykjavík: Forsætisráðuneytið.
- Carlsson, F. og Johannesson-Stenman, O. (2000). „Willingness to pay for improved air quality in Sweden“, *Applied Economics* 32, 661-669.
- Diekmann, A. og Franzen, A. (1999). „The Wealth of Nations and Environmental Concern“, *Environment and Behavior* 31, 540-549.
- Dunlap, R. E. og Van Liere, K.D. (1978). „The “New Environmental Paradigm“: A proposed measuring instrument and preliminary results“, *The Journal of Environmental Education* 9(4), 10-19.
- Dunlap, R. og Mertig, A.G. (1997). „Global Environmental Concern: An Anomaly for Postmaterialism“, *Social Science Quarterly* 78, 24-29.
- Dunlap, R.E. (2008). „The New Environmental Paradigm Scale: From Marginality to Worldwide Use“, *Journal of Environmental Education* 40(1), 3-18.
- Dunlap, R.E. (2015). „Environmental sociology“, *International Encyclopedia of the Social & Behavioral Sciences* 2(7), 796-803.
- Dunlap, R.E. (2017). „Foreword: A brief history of sociological research on environmental concern“, í A. Telešienė og M. Gross (ritstj.), *Green European. Environmental Behaviour and Attitudes in Europe in a Historical and Cross-Cultural Comparative Perspective* (bls. xviii-xxvi). New York: Routledge.
- Fairbrother, M. (2013). „Rich People. Poor People, and Environmental Concern: Evidence across Nations and Time“, *European Sociological Review* 29(5), 910-922.
- Fairbrother, M. (2017). „When Will People Pay to Pollute? Environmental Taxes, Political Trust and Experimental Evidence from Britain“, *British Journal of Political Science* 49, 661-682.
- Gelissen, J. (2007). „Explaining Popular Support for Environmental Protection: A Multilevel Analysis of 50 Nations“, *Environment and Behavior* 39(3), 392-415.
- Grenstad, G. og Wollebaek, D. (1998). „Greener Still?: An Empirical Examination of Eckersley's Eco-centric Approach“, *Environment and Behavior* 30(5), 653-675.
- Guerra, J., Schmidt, L. og Valente, S. (2017). „Dilemmas of Sustainability in Turbulent Times. The

- Portugese Case in Context“, í A. Telešienė og M. Gross (ritstj.), *Green European. Environmental Behaviour and Attitudes in Europe in a Historical and Cross-Cultural Comparative Perspective* (bls. 221-243). New York: Routledge.
- Hagfræðideild Landsbankans (2013). „Þjóðhagslegt mikilvægi ferðapjónustunnar mun aukast verulega á næstu árum.“ Sótt af <https://www.landsbankinn.is/Uploads/Documents/Hagsja/2013-11-29-Ferdathjonusta.pdf>
- Hardarson, O.Th. (1995). „Iceland“, *European Journal of Political Research* 28, 369-987.
- Helgi Hallgrímsson. (2010). „Þáttaskil í náttúruvernd á Íslandi um 1970 og starfsemi náttúruverndarsamtaka“, *Náttúrufræðingurinn* 79-80(1-49), 29-36.
- Howell, S.E. og Laska, S.B. (1992). „The Changing Face of the Environmental Coalition: A Research Note“, *Environmental Behavior* 24(1), 134-144.
- Íðnaðarráðuneytið (2009). *Ahrif stóridjuframkvæmda á íslenskt efnahagslíf*. Sótt af https://www.stjornarradid.is/media/atvinnuvegaraduneyti-media/media/Rafræn_afgreidsla/2009-07-ahrif-storidjuframkvæmda-isl-efnahagslif.pdf
- Inglehart, R. (1983). „The persistence of materialist and post-materialist value orientations: comments on Van Deth’s analysis“, *European Journal of Political Research* 11(1), 81–91.
- Inglehart, R. (1990). *Culture Shift In Advanced Industrial Society*. United States: Princeton University Press.
- Inglehart, R. (1995). „Public Support for Environmental Protection: Objective Problems and Subjective Values in 43 Societies“, *Political Science and Politics* 28(1), 55-72.
- Inglehart, R., (2008). „Changing values among Western publics from 1970 to 2006“, *West European Politics* 31(1–2), 130–146.
- IPCC (2013). *Climate change 2013: The Physical Science Basis. Contribution of working group I to the Fifth Assessment Report of the Intergovernmental Panel on Climate Change*. Cambridge og New York: Cambridge University Press.
- Ísak Ólafsson (1990). „Ál, ál og ekkert nema ál“, *Þjóðviljinn*, 28. september.
- Jón Ólafsson (2006). „Síðfræði andstöðunnar og ævintýrið mikla“, *Skírnis* 180, 421-448.
- Karl Benediktsson (2008). „Moving Places: The Emotional Politics of Nature“, í J.O. Bærenholdt og B. Granås (ritstj.), *Mobility and Place. Enacting Northern European Peripheries* (bls. 205-217). Aldershot: Ashgate.
- Kennedy, E.H., Beckley, T.M., McFarlane, B.L. og Nadeau, S. (2009). „Why We Don’t “Walk the Talk”: Understanding the Environmental Values/Behaviour Gap in Canada“, *Human Ecology Review* 16(2), 151-160.
- Kenny, J. (2020). „Economic conditions and support for the prioritisation of environmental protection during the Great Recession“, *Environmental Politics* 29(6), 937-958.
- Lög um stjórn fiskveiða nr. 38/1990.
- McCright, A.M. og Dunlap, R.E. (2011). „Cool Dudes: The Denial of Climate Change among Conservative White Males in the United States“, *Global Environmental Change* 21(4), 1163-1172.
- McCright, A.M. og Dunlap, R.E. (2013). „Bringing Ideology in: The Conservative White Male Effect on Worry about Environmental Problems in the USA“, *Journal of Risk Research* 16(2), 211-226.
- McCright, A.M. og Xiao, C. (2014). „Gender and Environmental Concern: Insights from Recent Work and for Future Research“, *Society & Natural Resources* 27(10), 1109-1113.
- Minteer, B.A. og Manning, R.E. (1999). „Pragmatism in Environmental Ethics: Democracy, Pluralism, and the Management of Nature“, *Environmental Ethic* 21(2), 191-207.
- Morgunblaðið (1999). „Eitt stærsta hagsmunamál Austurlands“, *Morgunblaðið*, 27. febrúar. Sótt af <https://timarit.is/page/1928682?iabr=on#page/n0/mode/2up>
- Neymayer, E. (2003). „Are left-wing party strength and corporatism good for the environment? Evidence from panel analysis of air pollution in OECD countries“, *Ecological Economics* 45, 203-220.
- Nordic Council of Ministers (2018). *Structural Adjustment and Regulations of Nordic Fisheries until 2025*. Sótt af <http://norden.diva-portal.org/smash/get/diva2:1253233/FULLTEXT01.pdf>
- OECD (2001). *OECD Environmental Performance Reviews: Iceland 2001*. París: OECD Publishing.

- OECD (2011). *Towards green growth. A summary for policy makers*. París: OECD Publishing.
- Ólafur Þ. Hardarson og Gunnar Helgi Kristinsson (2003). „Iceland“, *European Journal of Political Research* 42, 975-978.
- Schultz, P.W. (2001). „The Structure of Environmental Concern: Concern for Self, Other People, and the Biosphere“, *Journal of Environmental Psychology* 21(4), 327-339.
- Siltanen, J. (2018). *Abrif fríðlystra svæða á framleiðslu og atvinnu í næsta umhverfi*. Reykjavík: Hagfræðistofnun.
- Skúli Magnússon (1997). „Um stjórnskipulega eignarréttarvernd aflaheimilda“, *Úlfjötur - tímarit laganema* 3, 588-619.
- Sóllilja Bjarnadóttir (2020). *Do people behave as their family and friends? The role of social networks for pro-environmental behavior in Iceland* (meistararitgerð). Reykjavík: Háskóli Íslands. Sótt af <https://skemman.is/handle/1946/36982>
- Stern, P.C. og Dietz, T. (1994). „The Value Basis of Environmental Concern“, *Journal of Social Issues* 50, 65-84.
- Stjórnarráð Íslands (2021). „24 aðgerðir í átt að hringrásarhagkerfi.“ Sótt af <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2021/01/12/24-adgerdir-i-att-ad-hringrasarhagkerfi/>
- Sustainable Europe Research Institute (2009). *Overconsumption? Our use of the world's natural resources*. Vienna: SERI.
- Telesiene, A. og Gross M. (2017). *Green European. Environmental Behaviour and Attitudes in Europe in a Historical and Cross-Cultural Comparative Perspective*. New York: Routledge.
- Torgler, B. og Garcia-Valiñas, M. (2007). „The determinants of individuals' attitudes towards preventing environmental damage“, *Ecological Economics* 63, 536–552.
- Torgler, B. og Garcia-Valiñas, M. A. and Macintyre, A. (2008). „Differences in Preferences Towards the Environment: The Impact of a Gender, Age and Parental Effect“, *Nota di Lavoro* 18.
- Tremblay Jr., K.R. og Dunlap, R.E. (1978). „Rural-Urban Residence and Concern with Environmental Quality: A Replication and Extension“, *Rural Sociology* 43(3), 474-491.
- Umhverfisstofnun (e.d.). „Hringrásarhagkerfið.“ Sótt af <https://ust.is/graent-samfelag/graenn-lifstill/hringrasarhagkerfid/>
- Unnur Birna Karlsdóttir (2010). *Þar sem fossarnir falla. Náttúrusýn og nýting falvatna á Íslandi 1900-2008*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Walpole, M., Van Strien, A.J., Collen, B. og Scharlemann, J.P.W. (2010). „Global Biodiversity: Indicators of Recent Declines“, *Science* 328, 1164-1168.
- Wray-Lake, L., Flanagan, C.A. og Osgood, D.W. (2010). „Examining Trends in Adolescent Environmental Attitudes, Beliefs, and Behaviors Across Three Decades“, *Environment and Behavior* 42(1), 61-85.
- Xiao, C. og McCright, A.M. (2015). „Gender Differences in Environmental Concern: Revisiting the Institutional Trust Hypothesis in the USA“, *Environment and Behavior* 47(1), 17-37.
- Xiao, C. og McCright, A.M. (2007). „Environmental Concern and Sociodemographic Variables: A Study of Statistical Models“, *The Journal of Environmental Education* 38(2), 3-14.
- Þorvarður Árnason (2004). „Umhverfisvitund Íslendinga“, *Landabréfið* 20(1), 3-24.
- Þorvarður Árnason (2005). *Views of Nature and Environmental Concern in Iceland* (doktorsritgerð). Linköping: Linköpingsuniversitet.

Viðaukatalfa 2. Tvíkosta aðhvarfsgreining um hvort ríkisstjórnin ætti að leggja áherslu á stóriðju eða ekki leggja áherslu á stóriðju. Gefið er upp líkindahlutfall (e. odds ratio), 95% öryggisbil og marktækt

	1991		1999		2003		2007		2009		2013		2016		2017	
	OR	CI	OR	CI	OR	CI	OR	CI	OR	CI	OR	CI	OR	CI	OR	CI
Skurðpunktur	0.35 ***		0.71		0.45 ***		0.17 ***		0.44 ***		0.33 ***		0.21 ***		0.22 *	
Kyn																
Kari (viðmiðunarbreyta)																
Kona	0.38 ***	0.3-0.5	0.46 ***	0.4-0.6	0.57 ***	0.4-0.8	0.65 *	0.4-0.8	0.46 ***	0.5-0.9	0.47 ***	0.3-0.6	0.76 *	0.3-0.7	1.04	0.6-1.8
Aldur																
Aldur í árum	1.00	0.9-1.0	1.00	0.9-1.0	1.00	0.9-1.0	1.00	0.9-1.0	1.00	0.9-1.0	0.98 ***	0.9-1.0	0.99	0.9-0.9	0.99	0.9-1.0
Búseta																
Höfuðborg (viðmiðunarbreyta)																
Landsbyggð	0.94	0.6-1.3	0.85	0.7-1.1	1.46 *	1.1-2.0	1.44	0.9-1.7	1.39 *	1.0-2.1	1.28 *	1.0-2.0	1.26	0.9-1.9	1.26	0.7-2.2
Menntun																
Grunnskólaþróf (viðmiðunarbreyta)																
Framhaldsskólaþróf	0.96	0.7-1.4	0.82	0.6-1.1	0.88	0.6-1.2	0.75	0.5-1.1	0.77	0.5-1.1	0.93	0.5-1.2	0.76	0.6-1.5	0.76	0.4-1.4
Háskólaþróf	0.76	0.4-1.3	0.54 **	0.4-0.8	0.57 *	0.3-1.0	0.63	0.3-0.6	0.52 **	0.4-1.0	0.57 *	0.3-0.8	0.41	0.3-1.0	0.41	0.2-0.9
Mánaðatekjur																
Fyrsti fimmtungur (viðmiðunarbreyta)																
Annar fimmtungur	1.24	0.7-2.1	0.94	0.6-1.4	0.78	0.5-1.3	1.23	0.5-1.5	1.11	0.7-2.2	1.07	0.6-1.9	1.02	0.5-2.2	1.02	0.5-2.2
Þriðji fimmtungur	1.20	0.7-2.0	1.52	1.0-2.2	1.05	0.7-1.7	1.27	0.8-2.1	1.77 *	0.7-2.2	2.01 *	1.1-2.9	0.80	1.0-3.9	0.80	0.3-1.9
Fjórdi fimmtungur	1.49	0.9-2.5	1.38	0.9-2.0	1.16	0.7-1.9	1.03	0.6-1.9	1.29	0.6-1.9	1.78	0.8-2.2	0.65	0.9-3.4	0.65	0.3-1.6
Fimmti fimmtungur	1.19	0.7-2.0	1.53	1.0-2.6	1.03	0.6-1.7	1.00	0.5-1.4	1.16	0.6-1.8	1.93 *	0.7-2.0	0.75	1.0-3.8	0.75	0.3-1.8
Stuðningur við stjórnmálaflokk																
Kaus ekki/skilaði a útlú (viðmiðunarbreyta)																
VG	0.60 *	0.4-1.0	0.68 *	0.5-1.0	0.50 *	0.2-0.9	0.28 ***	0.1-0.6	0.25 ***	0.1-0.5	0.42 *	0.2-0.4	0.80	0.2-0.9	0.80	0.4-1.6
Samfylkingin	1.64 **	1.1-2.4	1.24	0.9-1.7	1.09	0.7-1.6	0.82	0.6-1.2	1.21	0.4-1.0	0.92	0.9-1.6	0.96	0.5-1.6	0.96	0.3-1.7
Framsóknarflokkurinn	0.96	0.6-1.4	1.05	0.8-1.3	2.01 ***	1.4-2.9	2.10 **	1.5-3.0	1.75 **	1.8-4.6	2.23 ***	1.3-2.5	0.96	1.5-3.34	0.96	0.4-2.1
Sjálfstæðisflokkurinn	2.45 ***	1.9-3.2	1.66 ***	1.3-2.0	2.42 ***	1.8-3.3	2.57 ***	19-3.5	2.43 ***	1.7-3.4	2.85 ***	1.7-3.0	2.11 **	1.9-4.2	2.11 **	1.2-3.6
Þessarar																
Váðreisn																
Flokkur fólksins	0.47 *	0.3-0.9	0.70 *	0.5-1.0	0.35 *	0.1-1.0	0.83	0.5-1.4	0.63	0.5-1.4	0.34 **	0.4-1.1	0.25 *	0.2-0.8	0.25 *	0.1-0.9
Miðflokkurinn	N=958		N=1239		N=1078		N=913		N=941		N=941		N=718		N=681	
Þjóðin	0.00		0.00		0.00		0.00		0.13		0.18		0.04		0.00	
Cox & Snell R ²	0.00		0.00		0.00		0.14		0.18		0.18		0.10		0.14	
Mark Nagelkerke R ²	0.00		0.00		0.00		0.14		0.18		0.18		0.10		0.14	

* Samfylkingin var fjartægl þú aðhvarfsgreiningunni árið 2016 vegna þess að hún stóðst ekki forsendur um lágmarksfjölda, þar sem enginn svaraði því að leggja aukna áherslu á orkufræka stóriðju.

** Flokkurinn "A ekki við" og "Aðrir flokkar" voru sameinaðir árið 2017 vegna fámennis í þöpunum.

Viðaukatalfa 3. Fjöldi svaraenda í aðhvarfsgreiningum og fjöldi brottfallsgilda (þeir sem segja: „veit ekki“, „vil ekki svara“ eða fengu ekki spurningu)

	1987	1991	1995	1999	2003	2007	2009	2013	2016	2017
Kyn										
Fjöldi	1741	1491	1721	1631	1441	1595	1385	1479	1295	2073
Brottfallsgildi	4	0	0	0	5	0	0	0	0	0
Aldur										
Fjöldi	1738	1491	1721	1630	1440	1595	1385	1479	1295	2073
Brottfallsgildi	7	0	0	1	6	0	0	0	0	0
Búseta										
Fjöldi	1745	1491	1721	1631	1446	1595	1385	1479	1295	2073
Brottfallsgildi	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Menntun										
Fjöldi	1617	1425	1643	1607	1348	1521	1277	1267	1210	1865
Brottfallsgildi	128	66	78	24	98	74	108	212*	85	208*
Mánaðatekjur										
Fjöldi	1617	1425	1643	1607	1348	1521	1277	1267	1210	1865
Brottfallsgildi	128	66	78	24	98	74	108	212	85	208
Stuðningur við stjórnmálaflokk										
Fjöldi	1741	1491	1721	1493	1039	1510	1262	1434	1136	1855
Brottfallsgildi	0	0	0	138	107	85	123	45	159	218
Umhverfismál fram yfir hagröxt										
Fjöldi	1439	1283	1474	1347	1213	1327	1236	1332	1181	934
Brottfallsgildi	306	208	247	284	233	268	149	147	114	1139
Áhersla á stóriðju										
Fjöldi	-	1299	1590	1516	1351	1514	1305	1408	1208	947
Brottfallsgildi	-	192	131	115	95	81	80	71	87	1126
Heildarfjöldi svaraenda										
	N=1745	N=1491	N=1721	N=1631	N=1446	N=1595	N=1385	N=1479	N=1295	N=2073

*Árin 1987, 2013 og 2017 er einn flokkur menntunar skilgeindur sem "er í námi". Þar sem ekki kemur fram hvaða nám svarandi stundaði er það talið sem brottfallsgildi

